

BRÁÐABIRGÐALÖG um ráðstafanir í sjávarútvegi o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til þess að gera nú þegar ýmsar ráðstafanir til þess að létta þann rekstrarvanda er við sé að fást í sjávarútvegi landsmanna; unnið sé að endurskoðun á verðlagningu olíu með það fyrir augum að lækka verð hennar til útgerðar; þar til endurskoðun þessi komi til framkvæmda þyki rétt að veita útgerðinni tímabundna endurgreiðslu; þá sé þörf meira fjár til skuldbreytingalána útgerðar og fiskvinnslu en þegar hefur verið aflað, ennfremur sé talið nauðsynlegt að afla heimildar til að fella niður stimpilgjöld af öllum láns skjölum, sem gefin verða út vegna þessarar skuldbreytingar.

Fyrir því eru hér með sett eftirfarandi bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgðalaga nr. 21 24. apríl 1984 um breyting á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, bætist:

III.

Auk sérstakra bóta samkvæmt I, skal á tímabilinu 1. ágúst 1984 til 31. október 1984 greiða til útgerðar fiskiskipa 3% tímabundna viðbót á sama stofn og greinir í I, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

Ríkissjóður endurgreiðir Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins greiðslur þessar.

2. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka innlent eða erlent lán að fjárhæð allt að 350 milljónir króna eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Lánsfé þetta skal endurlána til lánastofnana er ráðstafi því til að breyta lausaskuldum útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja í föst lán.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er heimilt að fella niður eða endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlánnum útgerðar og fiskvinnslu sem afgreidd eru á árinu 1984 í samræmi við reglur sjávarútvegsráðuneytisins.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð og nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júlí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.